

ICELANDAIR: UPPGJÖR 2. ÁRSFJÓRÐUNGS 2025

- Hagnaður eftir skatta 1,7 milljarðar króna (13 milljónir USD), aukning um 1,6 milljarða króna (12 milljónir USD)
- Tekjuaukning 13%, heildartekjur 59,1 milljarðar króna (463 milljónir USD)
- Met farþegatekjur 50,2 milljarðar króna (393 milljónir USD), aukning um 11% á milli ára
- Styrking krónunnar og minni eftirspurn á via markaðnum vegna stöðu alþjóðamála hafði áhrif á EBIT afkomu
- Einingakostnaður var óbreyttur og einingatekjur lækkuðu um 2% á milli ára
- Stundvísasta flugfélag í Evrópu í apríl og júní skv. Cirium, stundvísi 87,2%
- Sjóðstreymi frá rekstri 15,1 milljarður króna (118 milljónir USD), jókst um 1 milljarð króna (8 milljónir USD) á milli ára
- Met lausafjárstaða 69,4 milljarðar króna (572 milljónir USD) í lok fjórðungsins
- Gert er ráð fyrir að umbótaverkefni sem ráðist hefur verið í sem hluti af umbreytingarvegferð félagsins muni skila yfir 11,5 milljörðum króna (90 milljónum USD) á ársgrundvelli
- Breyting á framboði til og frá Íslandi styrkir stöðu Icelandair sem leiðandi tengiflugfélag
- Bókanir á 3. ársfjórðungi sterkari en á síðasta ári, en hægari til lengri tíma
- Gert er ráð fyrir að EBIT fyrir árið í heild verði öðru hvoru megin við núllið

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

„Afkoma félagsins á öðrum ársfjórðungi var betri en á sama tíma í fyrra þegar horft er á hagnað eftir skatta. Áframhaldandi áhersla okkar á aukna skilvirkni og áreiðanleika leiðakerfisins endurspegladist í framúrskarandi stundvísi en við vorum stundvísasta flugfélag í Evrópu í apríl og júní, sem sýnir frábæran árangur Icelandair teymisins. Hins vegar hafði minni eftirspurn á Atlantshafsmarkaðnum sem rekja má til stöðu alþjóðamála sem og veruleg styrking íslensku krónunnar neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðuna í fjórðungnum.

Raungengi íslensku krónunnar er nú nálægt sögulegu hámarki. Sagan sýnir að þessi staða er ósjálfbær og mikil áskorun fyrir útflutningsgreinar þjóðarinnar. Þess vegna er nauðsynlegt að efnahagsstefna stjórnvalda endurspegli þennan veruleika, ekki síst í ljósi þess að íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt áform um að auka skattlagningu á ferðapjónustu.

Í ljósi aðstæðna í umhverfinu hefur aldrei verið mikilvægara en nú að einblína á þá þætti í rekstrinum sem við höfum stjórn á, eins og strangt kostnaðaraðhald, bættu skilvirkni, ábyrga stýringu á flugframboði og aukna tekjumyndun. Í lok annars ársfjórðungs höfðum við ráðist í aðgerðir sem munu skila 90 milljónum dala á ársgrundvelli þegar þær eru komnar að fullu til framkvæmda. Við höldum áfram að velta við öllum steinum í rekstrinum með það að markmiði að allir kostnaðarliðir í starfseminni verði samkeppnishæfir. Í þriðja ársfjórðungi hefjum við kjarasamningsviðræður við flugmenn og flugfreyjur- og þjóna. Ég er þess fullviss um að við munum ná sameiginlegum markmiðum allra aðila um að tryggja samkeppnishæfni félagsins til lengri tíma í því síbreytilega umhverfi sem við störfum í og á sama tíma bjóða áfram framúrskarandi kjör og gott vinnuumhverfi.

Bókunarstaðan í þriðja ársfjórðungi er betri en á sama tíma í fyrra og við gerum ráð fyrir að afkoma félagsins muni batna á milli ára í fjórðungnum. Bókanir til lengri tíma, í haust og næsta vetur, halda áfram að vera hægari en á sama tíma í fyrra. Við erum bjartsýn á framhaldið þar sem við sjáum að fólk heldur áfram að setja ferðalög í forgang þrátt fyrir að bóka ferðir sínar með minni fyrirvara en áður. Með þeim breytingum sem eru að verða í framboði til og frá Íslandi og umbreytingarvegferð okkar sem er þegar farin að skila árangri erum við í góðri stöðu til að takast á við tímabundnar sveiflur, styrkja

markaðsstöðu félagsins og skapa virði til lengri tíma fyrir hluthafa, viðskiptavini og íslenskt efnahagslíf og samfélag.“

VEFÚTSENDING 18. JÚLÍ 2025

Kynning á uppgjöri 2. ársfjórðungs ársins 2025 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 föstudaginn 18. júlí 2025 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fréttamiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- 3. ársfjórðungur 2025 – 23. október 2025
- 4. ársfjórðungur 2025 – 29. janúar 2025

LYKILTÖLUR

		2F 2025	2F 2024	Breyting	6M 2025	6M 2024	Breyting
Rekstrarniðurstaða							
Rekstrartekjur	USD þús.	462.697	409.383	53.314	749.148	668.344	80.804
þar af farþegatekjur	USD þús.	393.047	353.183	39.864	607.074	552.045	55.029
Rekstrarkostnaður	USD þús.	418.495	368.813	49.682	727.759	663.105	64.654
EBIT	USD þús.	775	3.309	-2.534	-61.496	-65.583	4.087
EBT	USD þús.	6.999	524	6.475	-52.268	-72.131	19.863
Tap	USD þús.	12.921	622	12.299	-31.164	-58.795	27.631
Efnahagur¹ og sjóðstreymi							
Eignir	USD þús.	-	-	-	2.057.156	1.637.870	257.533
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	283.276	269.067	14.209
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb	USD þús.	-	-	-	729.912	637.687	92.225
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	249.697	382.890	-133.193
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	-	-	-	572.215	465.174	225.418
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	118.021	110.243	7.778	322.735	382.890	65.390
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	20.885	32.258	-11.373	39.999	64.332	-24.333
Fjárfestingar, nettó	USD þús.	19.105	32.203	-13.098	38.186	64.231	-26.045
Helstu kennitölur							
Hagnaður á hlut	US Cent	0,03	0,00	-	-0,08	-0,14	43%
Eiginfjárlutfall ¹	%	-	-	-	13,8	16,4	-2,6 ppt
EBIT %	%	0,2	0,8	-0,6 ppt	-8,2	-9,8	1,6 ppt
Einingatekjur ²	US Cent	7,77	7,90	-2%	7,59	7,70	-1%
Meðalverð (e. yield)	US Cent	8,94	9,10	-2%	8,63	8,90	-3%
Einingakostnaður ²	US Cent	7,98	8,00	0%	8,59	8,70	-1%
Einingakostnaður án eldsneytis ²	US Cent	6,22	6,00	4%	6,83	6,70	2%
Flutningatölur							
Fjöldi farþega	fjöldi	1.380.951	1.218.091	13%	2.208.671	1.975.054	12%
Farþegar til Íslands	fjöldi	429.324	352.146	22%	723.584	636.493	14%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	236.618	194.494	22%	395.888	343.815	15%
Farþegar um Ísland	fjöldi	647.726	603.680	7%	963.987	866.062	11%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	67.283	67.770	-1%	125.212	128.685	-3%
Sætanýting	%	82,1	81,6	0,5 ppt	81,5	79,7	1,8 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	5.170,6	4.562,6	13%	8.225	7.422	11%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	4.248	3.722	14%	6.699	5.914	13%
Fjöldi flugferða	fjöldi	5.310	4.834	10%	8.819	8.201	8%
Stundvísi millilandaflug (OTP)	%	87,2	86,0	1,2 ppt	84,7	85,3	-0,6 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	32.772	29.871	10%	71.279	69.273	3%
Seldir blokk tímar	fjöldi	6.865	4.798	43%	13.138	8.861	48%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	fjöldi	0,71	0,74	-4%	0,71	0,76	-7%
Starfsmenn							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3.720	3.708	0%	3.447	3.573	-4%

¹ Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2024

² Einingatekjur/Einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

FLUTNINGATÖLUR

- Fjöldi farþega 1,4 milljónir á 2. ársfjórðungi, aukning um 13% á milli ára
- Mikil eftirspurn á mörkuðunum til og frá Íslandi
- Stundvísi 87,2%

Framboðsaukning í farþegaflugi Ícelandair á 2. ársfjórðungi nam 13% á milli ára. Flug í seinni tengibanka félagsins í Keflavík hófst í byrjun apríl á þessu ári samanborið við miðjan maí á síðasta ári, sem er hluti af stefnu Ícelandair að vaxa utan háannar til að draga úr árstíðarsveiflu og nýta betur innviði félagsins allt árið um kring. Flug var hafið til Nashville og Gautaborgar ásamt því að tíðni var aukin til nokkurra vinsælla áfangastaða.

Farþegaflutningar, mældir í flognum farþegakílómetrum (e. Revenue Passenger Kilometers) jukust um 14% og nam heildarfjöldi farþega 1,4 milljónum og jókst frá 1,2 milljónum á síðasta ári. Í fjórðungnum ferðuðust 31% farþega til Íslands, 17% frá Íslandi, 47% voru tengifarþegar og 5% voru innanlandsfarþegar. Um 20% tengifarþega nýttu sér „stopover“ vöru Ícelandair, og höfðu þar með jákvæð áhrif á íslenska ferðapjónustu. Farþegaaukningin var töluverð á mörkuðunum til og frá Íslandi, eða um 22%, sem er í samræmi við áherslu félagsins á þá markaði.

Sætanyting jókst í 82,1% samanborið við 81,6% á síðasta ári þrátt fyrir töluverða framboðsaukningu. Stundvísi var 87% og jókst um 1,2 prósentustig samanborið við 2. ársfjórðung í fyrra, og var Ícelandair í 1. sæti sem stundvísasta flugfélag Evrópu skv. lista Cirium Analytics í apríl og júní.

Frakt tonnkilómetrar jukust um 10% á milli ára og fjöldi seldra blokk tíma í leiguflugsstarfsemi félagsins jókst um 43%. Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra minnkaði um 4% í fjórðungnum, sem skýrist af því að fleiri flug voru flogin á Boeing 737 MAX og Airbus A321LR sem og betri sætanytingu.

REKSTUR

- Hagnaður eftir skatta var 12,9 milljónir USD og jókst um 12,3 milljónir USD milli ára
- Neikvæð gengisáhrif og minni eftirspurn á Atlantshafsmarkaðinum vegna stöðu alþjóðamála höfðu neikvæð áhrif á EBIT í fjórðungnum
- Bætt EBIT afkoma í frakt og leiguflugsstarfsemi
- Framleiðni jókst verulega á milli ára

Hagnaður eftir skatta á öðrum ársfjórðungi jókst verulega samanborið við sama tíma í fyrra. Hins vegar hafði minni eftirspurn á Atlantshafsmarkaðnum vegna stöðu alþjóðamála og styrking krónunnar neikvæð áhrif á EBIT afkomuna í fjórðungnum. Neikvæð áhrif af styrkingu íslensku krónunnar eru metin á um 12,6 milljónir USD. Að auki leiddi minni eftirspurn á Atlantshafsmarkaðinum til lægri tekna á hvern seldan sætiskílómetra (e.yields). Rekstrarafkoma frakstarfseminnar hélt áfram að batna á milli ára og leiguflugsstarfsemin viðhélt 18% EBIT hlutfalli af 46% hærri tekjum en í fyrra.

Heildartekjur námu 462,7 milljónum USD og jukust um 13% á milli ára. Farþegatekjur námu 393,0 milljónum USD samanborið við 353,2 milljónir USD í sama fjórðungi á síðasta ári og hafa aldrei verið hærri á öðrum ársfjórðungi. Farþegatekjur jukust á öllum mörkuðum en þó mest á markaðinum til Íslands, þar sem farþegum fjölgaði um 22%. Atlantshafsmarkaðurinn var stærsti markaður félagsins með 47% af heildarfarþegum. Tekjur af flugfrakt námu 19,1 milljón USD og jukust um 13% á milli ára vegna sterks innflutnings. Tekjur af leiguflugi námu 30,3 milljónum USD og jukust um 46% á milli ára. Aðrar tekjur námu alls 20,3 milljónum USD og jukust um 9% samanborið við sama tímabil á síðasta ári.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 418,5 milljónum USD og jukust um 13% á milli ára. Laun og launatengd gjöld jukust um 16% og fóru úr 107,0 milljónum USD á 2. fjórðungi síðasta árs í 124,1 milljón USD á

Þessu ári. Hækkunin er tilkomin vegna launahækkana og töluverðra neikvæðra áhrifa af gengisbreytingum í fjórðungnum. Á óbreyttu gengi jókst launakostnaður um 5% sem endurspeglar töluvert bættu framleiðni, að teknu tilliti til 13% framboðsaukningar og kjarasamningsbundinna launahækkana. Stöðugildi voru að meðaltali 3.720 í fjórðungnum og voru óbreytt á milli ára. **Eldsneytiskostnaður** nam 95,5 milljónum USD í fjórðungnum og lækkaði um 1% á milli ára þrátt fyrir 13% framboðsaukningu í farþegafluginu. Hagkvæmari floti og lægra markaðsverð á eldsneyti skýra lækkunina. Vegið eldsneytisverð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, nam 807 USD á hvert tonn og lækkaði um 14% samanborið við síðasta ár. Verð losunarheimilda lækkaði um 2%. **Annar flugtengdur kostnaður** nam 94,3 milljónum USD og jókst um 28% aðallega vegna aukinnar framleiðslu og hækkunar lendingar- og afgreiðslugjalda. **Annar rekstrarkostnaður** nam 104,6 milljónum USD, og jókst um 13,1 milljón USD, aðallega vegna meiri umsvifa í rekstri og neikvæðra gengisáhrifa. **Afskriftir** námu 43,4 milljónum USD samanborið við 37,3 milljónir í fyrra, vegna flugvélatengdra eigna og leigueigna.

Einingatekjur³ á 2. fjórðungi 2025 voru 7,8 US sent og lækkuðu um 2%. Tekjur á hvern seldan sætiskílómetra (e. yield) námu 8,9 US sentum og lækkuðu um 2% á milli ára vegna lægri tekna á Atlantshafsmarkaðinum. **Einingakostnaður**⁴ var 8,0 US sent og stóð í stað milli ára. Veiking USD á móti ISK og EUR, hækkunar á verðskrá og kjarasamningsbundnar launahækkunar leiddu til 4% hækkunar í einingakostnaði án eldsneytis á milli ára.

Nettó fjármunatekjur námu 5,2 milljónum USD á 2. fjórðungi og jukust um 7,3 milljónir USD samanborið við síðasta ár. Vaxtatekjur námu 8,9 milljónum USD og voru óbreyttar. Vaxtagjöld námu 11,5 milljónum USD og hækkuðu um 0,8 milljónir USD. Gengishagnaður að fjárhæð 7,7 milljónir USD var bókfærður í fjórðungnum samanborið við gengistap að fjárhæð 0,5 milljónir USD á sama tímabili á síðasta ári.

EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI

- Eigið fé 283 milljónir USD og eiginfjárlutfall 14%
- Sterkt sjóðstreymi frá rekstri 118 milljónir USD
- Lausafé alls 572 milljónir USD

Efnahagsreikningur

Heildareignir námu 2,1 milljarði USD í lok 2. ársfjórðungs og jukust um 419,3 milljónir USD frá því í byrjun árs, að stærstu leyti vegna árstíðasveiflu í bókunum fyrir háönnina og innleiðingu á þremur nýjum A321LR. **Varanlegir rekstrarfjármunir** námu 557,8 milljónum USD og **leigueignir** námu 510,0 milljónum USD. **Eigið fé** nam 283,3 milljónum USD og **eiginfjárlutfall** í lok fjórðungsins var 14%. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 730,0 milljónum USD og jukust um 92,2 milljónir USD frá því í byrjun árs, að mestu vegna flugvélatengdra fjárfestinga er þrjár A321LR flugvélar bættust í flotann. **Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu 250,0 milljónum USD og lækkuðu um 133,2 milljónir USD samanborið við upphaf árs vegna, hærri sjóðsstöðu og stöðu markaðsverðbréfa.

Sjóðsstaða

Handbært fé og markaðsverðbréf námu 480,2 milljónum USD í lok 2. ársfjórðungs 2025 og hækkuðu um 62,7 milljónir USD í fjórðungnum. **Nettó sjóðstreymi frá rekstri** nam 118,0 milljónum USD. **Nettó fjárfestingahreyfingar** námu 74,6 milljónum USD og þar af námu **nettó fjárfestingar** 19,1 milljón USD. **Nettó fjármögnunarahreyfingar** námu 29,5 milljónum USD vegna afborgana vaxtaberandi lána og leiguskuldbindinga. Óáðregnar lánalínur félagsins námu 92,0 milljónum USD í lok júní og að teknu tilliti til þeirra var **heildar lausafjárstaðan** í lok júní 572,2 milljónir USD.

³ Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (RASK) í farþegaleiðakerfinu

⁴ Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) í farþegaleiðakerfinu

- Veruleg breyting í framboði til og frá Íslandi
- Ávinningur af umbreytingarvegferð áætlaður 90 milljónir dala á ársgrundvelli
- Afkomuspá gerir ráð fyrir að EBIT verði öðru hvoru megin við núllið

Vöxtur í framboði utan háannar

Flugáætlun Icelandair á seinni helmingi ársins verður um 6% umfangsmeiri en á sama tíma í fyrra, þar sem áhersla verður á vöxt utan háannar sem mun halda áfram að stuðla að betri nýtingu innviða félagsins. Félagið mun fljúga til yfir 60 áfangastaða á árinu, þar á meðal sjö nýrra: Nashville, Miami, Ístanbúl, Gautaborgar, Malaga, Edinborgar og Hafnar í Hornafirði. Þar að auki verður tíðni aukin á ákveðna áfangastaði sem gefur farþegum aukinn sveigjanleika og enn fleiri ferðamöguleika. Í sumar verður félagið með 42 flugvélar í rekstri í leiðakerfinu sem er sami fjöldi og í fyrra. Þar af eru 21 Boeing 737 MAX og fjórar nýjar A321LR.

Breyting á framboði til og frá Íslandi styrkir stöðu Icelandair sem leiðandi tengiflugfélag

Framundan er samdráttur í framboði til og frá Íslandi þar sem gert er ráð fyrir að heildarframboð muni dragast saman um ~5% það sem eftir er ársins, í samanburði við 4% aukningu í öðrum ársfjórðungi, þar sem önnur flugfélög halda áfram að minnka framboð sitt eða hætta rekstri á ákveðnum mörkuðum. Icelandair vinnur að markvissri aðlögun á framboði sínu að þessum breytingum, sem gert er ráð fyrir að styrki bæði tekjur á hvern seldan sætiskílómetra (e. yield) og stöðu Icelandair á lykilmörkuðum.

Áframhaldandi þrýstingur á meðalfargjöld á Atlantshafsmarkaðnum

Á markaðnum yfir hafið hefur staðan í alþjóðamálum, tollar og efnahagslegur samdráttur haft áhrif á tekjur á hvern seldan sætiskílómetra (e. yield) af Economy fargjöldum þar sem Icelandair á mikið undir í sinni starfsemi. Ólíklegt er að breytingar verði í heildarframboði á þessum markaði til skemmri tíma og heldur Icelandair því áfram að aðlaga framboð sitt til að tryggja arðsemi.

Sterk króna er áskorun fyrir útflutningsgreinar

Styrking íslensku krónunnar hefur neikvæð áhrif á samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar, til viðbótar við takmarkaða fjárfestingu íslenskra stjórnvalda í markaðssetningu Íslands. Krónan hefur styrkst verulega síðan í fyrra, eða um 5% á móti evru og 11% miðað við gengi á Bandaríkjadal þann 14. júlí síðastliðinn. Á sama tíma hefur verðbólgan á Íslandi reynst þrálátari en annars staðar. Vegna þessa er raungengi krónunnar nú nálægt sögulegum hæðum sem sagan hefur sýnt að sé ósjálfbært og mikil áskorun fyrir útflutningsgreinar þjóðarinnar.

Neytendur bóka flug með styttri fyrirvara en halda áfram að setja ferðalög í forgang

Bókunarstaðan fyrir háönn sumarsins er betri en á sama tíma í fyrra, en bókunarflæði til lengri tíma, í haust og næsta vetur, heldur áfram að vera hægara. Gert er ráð fyrir að þessi staða muni batna þegar ferðatímabilið nálgast, bæði vegna samdráttar í framboði annarra flugfélaga til og frá Íslandi og þar sem neytendur halda áfram að setja ferðalög í forgang þrátt fyrir að bóka ferðir sínar með minni fyrirvara en áður.

Nýir samstarfssamningar við önnur flugfélög styrkja leiðakerfi Icelandair og auka tekjur

Á þessu ári hefur Icelandair haldið áfram að víkka út leiðakerfi sitt í gegnum samstarfssamninga við önnur flugfélög, svo sem nýjan samstarfssamning um sammerkt flug við Air India sem tengir Ísland við Indland í gegnum Evrópu, samstarf við Southwest Airlines sem tengir Icelandair við yfirgripsmikið leiðakerfi Southwest í Bandaríkjunum, og flug til Ístanbúl sem hefst í haust og byggir á samstarfi félagsins við Turkish Airlines og opnar tengingar inn í Asíu. Önnur samstarfsflugfélög eru með annars JetBlue, Alaska Airlines, Finnair, Air Baltic, Air Greenland, Atlantic Airways, Tap Air Portugal og Emirates.

Góðar horfur í frakt- og leiguflugsstarfsemi

Í framhaldi af þeim viðsnúningi sem náðist í rekstri fraktstarfsemi félagsins á árinu 2024 hefur afkoman haldið áfram að batna og horfur fyrir næstu mánuði eru góðar. Einnig er gert ráð fyrir að afkoma af leiguflugsstarfsemi félagsins verði áfram góð.

ONE umbreytingarvegferð félagsins þegar farin að skila árangri

Umbreytingarvegferð Ícelandair snýst fyrst og fremst um það að auka skilvirkni í rekstri, lækka kostnað og finna ný tekjutækifæri. Yfir 400 umbótaverkefni hafa verið skilgreind og þar af höfðu 170 verið innleidd í lok júní sem gert er ráð fyrir að muni skila 90 milljónum USD á ársgrundvelli þegar þau verða komin að fullu til framkvæmda. Að ná fram fullum fjárhagslegum ávinningi af þeim verkefnum sem hafa verið innleidd mun taka tíma en á fyrstu sex mánuðum ársins hafði vegferðin skilað 17 milljónum USD. Dæmi um verkefni eru [nýir samningar við flugafgreiðsluaðila](#) á flugvöllum erlendis sem stuðluðu að lækkun kostnaðar um yfir 20% að meðaltali og [breytingar á drykkjarþjónustu](#) á evrópskum flugleiðum sem hafa lækkað kostnað, aukið tekjur og á sama tíma breikkað vöruúrval um borð. Til viðbótar er nú unnið að [yfirgripsmiklu tekjuverkefni](#) sem hefur það að markmiði að auka tekjur með skilvirkari og hraðari ferlum innan núverandi tekjustýringarkerfis.

Staða eldsneytisvarna

Taflan hér að neðan sýnir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok 2. ársfjórðungs 2025. Þar sést að 39% af áætlaðri notkun í leiðakerfi félagsins næstu tólf mánuði er varin á vegnu meðalverði að fjárhæð 710 USD á hvert tonn.

Tímabil	Áætluð notkun	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri notkun	Vegið meðal verð
3F 2025	122.393	61.000	50%	730
4F 2025	79.293	35.350	45%	702
6 mánuðir	201.685	96.350	48%	720
1F 2026	62.033	20.700	33%	698
2F 2026	101.171	27.000	27%	684
12 mánuðir	364.890	144.050	39%	710
3F 2026	122.393	24.900	20%	672
4F 2026	79.293	6.000	8%	644
13-18 mánuðir	201.685	30.900	15%	666

AFKOMUSPÁ ÁRSINS 2025

Eins og komið er inná hér að ofan, er bókunarstaða Ícelandair fyrir háönn sumarsins betri en á sama tíma í fyrra, á meðan bókunarflæðið fyrir næsta haust og vetur er hægara. Gert er ráð fyrir að arðsemi aukist á milli ára á 3. ársfjórðungi, en verði svipuð á milli ára á 4. ársfjórðungi. Gert er ráð fyrir að EBIT fyrir árið í heild verði öðru hvoru megin við núllið. Þessi spá byggir á að meðalverð eldsneytis á hvert tonn sé 720 USD og ISK/USD krossinn sé 123. Spáin gerir ráð fyrir bættu innflæði bókana fyrir veturinn samanborið við síðasta ár. Afkomuspáin er birt með fyrirvara um breytingar vegna ýmissa áhættupátta og óvissu í umhverfinu.